

það, að hefja beri málið, og með tilvísan til 119. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, 2. tl., ber því að hefja mál þetta.

Eins og þegar er fram komið, hefur lögmaður stefnda krafizt þess, að stefnandi málsins, Eggert Hjartarson, og Kjarni s/f, sem síðar er af stefnanda talinn hafa öðlzt réttindi þau, sem málið fjallar um, verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar.

Þegar þingsókn féll niður af hálfu stefnanda, hafði dómariinn eigi tekið afstöðu til þess, hvort lögmæt aðiljaskipti hefðu átt sér stað í sóknaraðild málsins samkvæmt 53. gr. einkamálalaga. Eigi lá þá heldur fyrir viðurkenning stefnda á því, að áðurgreind aðiljaskipti hefðu átt sér stað.

Samkvæmt þessu þykja eigi efni til að dæma Kjarna s/f til greiðslu málskostnaðar í máli þessu, og ber því að dæma stefnanda, Eggert Hjartarson, til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Þess skal getið, að dómsuppsaga hefur dregizt lítið eitt um venju fram vegna mikilla anna dómarsins.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið. Stefnandi, Eggert Hjartarson, greiði stefnda, Plógi h/f, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fötudaginn 19. janúar 1973.

Nr. 11/1973. Valdstjórnin

gegn

Johann Erlaft Hammerski.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

Með kærú 5. þ. m., sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3 tl. 172 gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, var varnaraðili með úrskurði 8. desember 1972 gert að sæta gæzluvarðhaldi 30 daga vegna sakargiftar um brot gegn lögum nr. 77/1970, en í úrskurði þessum segir svo: „Um kl. 1500 í dag handtóku lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli og frá varnarliðinu tvo menn, er grunaðir voru um að hafa í fórum sínum fíkniefni, sem þeir hefðu hug á að koma í verð.

Fór handtakan fram í bílaleigubifreið R 25702, sem hinir grunuðu höfðu til umráða, og var þá með þeim í bifreiðinni 3. maður, sem talið er, að þeir hafi ætlað að falast eftir viðskiptum við.

Var þegar framkvæmd nákvæm leit á hinum grunuðu og í bifreið þeirra, og eftir mjög nákvæma leit fundust 950 grömm af efni, sem bæði samkvæmt útliti og lykt gefur til kynna, að um „cannabis“ sé að ræða. Var efni þetta falið í spjöldum á fýsibelg, sem fannst í bifreiðinni, og mjög hugvitsamlega komið þar fyrir.

Þá fannst í vörzlum þeirra óeðlilega há fjárhæð peninga í ýmsum myntum að jafngildi nokkuð á annað hundrað þúsund íslenskum krónum.

Menn þeir, er hér um ræðir, eru Peter Antheunis, hollenzkur þegn og samkvæmt vegabréfi búsettur í Leiden, Hollandi, og Johann Hammerski, vegabréfslaus, en samkvæmt öðrum skilríkjum, er hann hafði meðferðis, með heimilsfang í Bandaríkjunum.

Með því að hér er upplýst, að menn þessir hafa haft í vörzlum sínum mikið magn efna, er sterkar líkur benda til, að séu fíkniefni, er falla undir refsíákvæði laga nr. 77/1970 um tilbúning á ópíum o. fl. (sic), og með því að grunur leikur á, bæði með tilliti til þess magns meintra fíkniefna, sem þeir höfðu meðferðis, svo og þeirra peninga, sem á þeim fundust, að þeir hafi stundað dreifingu og sölu á óleyfilegum

fíkniefnum, og mál þetta er enn á frumstigi rannsóknar, sem fyrirsjáanlega verður viðamikil og tímafrek, þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar málsins og til að hindra spillingu sakargagna svo og með tilliti til mjög alvarlegra sakargifta að úrskurða greinda tvo menn í gæzluvarðhald.

Er gæzluvarðhaldsvist ákvörðuð í 30 daga, eða þar til öðru vísi verður ákveðið.“

Hinn 8. desember s.l. var samkvæmt úrskurði, uppkveðnum sama dag í sakadómi Reykjavíkur, gerð húsleit í herbergi varnaraðilja að Túngötu 43 hér í borg.

Við húsleit fannst m. a. nokkurt magn af efnum, „er líktust fíkniefni“, og svonefnd „hassvikt“. Þá fundust verulegar fjárhæðir bæði í íslenzku og erlendu fé.

Hinn 11. desember s.l. sendi rannsóknardómari málsins prófessor Þorkeli Jóhannessyni, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, til rannsóknar sýni af efni því, er fannst í áðurnefndum fýsibelg. Í bréfi prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 13. desember 1972, segir svo: „Rannsóknastofunni hefur borizt sýni til rannsóknar með tilliti til kannabis, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 11. 12. 1972. Sýnið var mosa-grænt, kornótt og mótað stykki. Hliðar voru sléttar, en lög-unin nokkuð óregluleg. Sýnið var 29 g að þyngd og hafði greinilega kannabislykt.

Við smásjárskoðun sást mjög mikið af kirtilhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg rannsókn staðfesti og, að svo væri.

Samkvæmt framangreindu var því um kannabis að ræða“.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa átt þátt í því að reyna að selja kannabis, en framburður hans er allur mjög óljós, og óupplýst er, hvernig efni þetta var flutt hingað inn í landið, enda málið allt enn á frumrannsóknarstigi.

Af því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. og 1. fl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Aðfinnsluvert er, að til rökstuðnings gæzluvarðhaldi í hin-

um kærða úrskurði vísar héraðsdómari að nokkru til forsendna hins fyrra gæzluvarðhaldsúrskurðar frá 8. desember 1972.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 5. janúar 1973.

Hinn 8. desember s.l. voru tveir erlendir ferðamenn, þeir Johann Erlaft Hammerski, bandarískur þegn, og Peter Antheunis, holenzkur þegn, úrskurðaðir í sakadómi Keflavíkurflugvallar í 30 daga gæzluvarðhald, en þeir höfðu þá fyrr um daginn verið handteknir með um 950 gr. af cannabisefni í fórum sínum, svo og fannst í vörzlum þeirra óeðlilega mikið magn peninga í lausum seðlum, sem ekki hefur fengizt viðhlitandi skýring á, hvernig þeir eru að komnir.

Hófst rannsókn máls þessa þegar, og hefur hún meðal annars leitt í ljós sterkan grun um, að annar hinna kærðu, Johann E. Hammerski, hafi átt undanfarandi viðskipti með cannabisefni við Íslendinga. Óupplýst er hins vegar enn, hversu víðtæk slík viðskipti hafa verið svo og hvernig cannabisefni það, er hinir kærðu hafa haft á boðstólnum, hefur borizt hingað til landsins. Er meðal annars beðið eftir upplýsingum varðandi hina kærðu frá heimalöndum þeirra um fjárreiður þeirra og fleira. Með því að fyrrgreindur gæzluvarðhaldsúrskurður frá 8. desember s.l. rennur út næstkomandi sunnudag 7. janúar, og rannsókn máls þessa á enn langt í land, þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar málsins að framlengja gæzluvarðhaldsvist hinna kærðu.

Til frekari rökstuðnings vísast að öðru leyti til forsendna upphaflegs gæzluvarðhaldsúrskurðar yfir hinum kærðu frá 8. desember s.l. Með tilvísun til framanritaðs þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist hinna kærðu í 30 daga til viðbótar við fyrri úrskurðartíma.

Því úrskurðast:

Kærðu, Johann Erlaft Hammerski og Peter Antheunis, sæti hvor fyrir sig gæzluvarðhaldi í 30 daga frá og með 7. janúar 1973, kl. 1930. Skulu þeir taka gæzluvarðhaldsvistina út í einrúmi.